

ADALGATA

ALMENNAR SKÝRINGAR

Kótar eru í metrum en önnur mál í millimetrum.

Eldsneytisbirgðatankur í jörðu
 Hér er um að ræða einn þrískiptan stáltank þar sem eitt hólfid er 15 m³, annað 10 m³ og það þriðja 25 m³ að stærð. Ofan á mannopum tankans eru plastbrunnar sem festast þétt við tankinn en úr botni þeirra verður lögð lögn er tengist olíuskilju. Tankurinn er með tvöföldu byrði þar sem ytra byrðið er ætlað sem lekaðan utan um hina eiginlegu eldsneytisgeyma. Rýmið milli byrðanna er fyllt vökva undir þrýstingi þannig að falli sá þrýstingur gefur það viðbendingu um leka. Tankurinn er framleiddur samkvæmt EN 12285 með rafstöðum samkvæmt EN 288-2:1992 og ysta tæringarvörn sem sett er á í verkmiðju er Sa2,5 samkv. ISO 8501-1, paint Endopren Test 1400V. Lagnirnar fyrir áfyllingar svo og sögþupurnar eru innan í tankinum. Áfylling fer þannig fram að til þess að eldsneytið geti farið úr áfyllingarbilnum yfir í tankinn verður að vera buið að tengja áfyllingsvörnina milli áfyllingarbilans og tanksins en hún virkar þannig að áður en tankurinn fyllist þá lokast fyrir útrennsli áfyllingarbilans.

Eldsneytislagningar og eldsneytisafgreiðslutæki
 Eldsneytiskerfið verður s.k. sögdælukerfi, þ.e. sögdæla verður í sérhverjum deili í afgreiðslutækinu þannig að ekki verður þrýstingur á kerfinu nema þegar dæling fer fram. Birgðatankurinn er þannig útbúinn að lagnirnar fyrir áfyllingar svo og sögþupurnar eru innan í tankinum. Einu eldsneytislagningar sem lagðar verða á staðnum verða því þær lagnir sem liggja frá tankinum annars vegar upp í afgreiðslutækið og hins vegar upp undir lokið á áfyllingar- og afgreiðslueyjunni. Þessar lagnir vera polyethylene plasttröf frá Petro Technic Ltd., Suffolk Bretlandi og eru þær settar saman með hitamúffum. Þrýstipól lagnanna er 10 bar og hafa þær hlotið samþykki Brunamálastofnunar. Útloftunarrörin ofanjarðar verða heitgalvaniseruð stálror. Undir afgreiðslutækinu verður plastbrunnur en frá botni hans verður lögð lögn er tengist olíuskilju.

Olíuskilja
 Stærð olíuskiljunnar er reiknuð út samkvæmt ÍST EN 858-1:2002 og ÍST EN 858-2:2003 svo og riti Umhverfisstofnunar Leiðbeiningar um olíuskiljur frá 2005. Í töflu 1 á bls. 6 í leiðbeiningum UST er leiðbeinandi tafla um gerð olíuskilju fyrir tiltekna starfsemi en samkvæmt henni verður notuð olíuskilja af gerð II (hefðbundin þyngdarafskilja). Stærð olíuskiljunnar er reiknuð eftir formúllunni $NS = (Qr + fx \cdot Qs) \cdot fd$ $NS =$ Nafnmál skilju ("nominel" stærð) $Qr =$ Hámarksflæði regnvatns sem inn í skiljuna fer í l/sek sbr. viðauka 3 á bls. 16 í leiðbeiningum UST. $a =$ malbikshæð.

$Qs =$ Hámarksflæði affallsvatns (annað en regnvatn) sem inn í skiljuna fer í l/sek $fx =$ Hindrunarstuðull ("impediment" stuðull) sem háður er eðli affallsins sem í skiljuna rennur sbr. töflu 2 á bls. 6 í staðlinum þar sem
 a) Affall frá iónaástarfsemi, bílaþvotti, hreinsun olíusmitaðra hluta eins og t.d. áfyllingar- og afgreiðsluþlön bensinstöðva.
 b) Olíumengað regnvatn frá t.d. bílastæðum, götum og athafnasvæðum.
 c) Markmiðið er að skilja frá hvers konar mengun frá léttum vökva til að vernda umhverfið.
 $fd =$ Eðlisþyngdarstuðull fyrir þann vökva sem skilja skal út sbr. töflu 3 á bls. 6 í staðlinum.

Mesta aftakaúrkoma í 10 mínútur í Stykkishólmi er 63 l/sek per ha (10.000 m²) og svæðið sem rennur af um 100 m² að stærð.
 $Qr = 100/10.000 \cdot 63 = 0,63$ lítrar/sek.
 $Qs = 0$ (einungis regnvatn)
 $fx = 0$ (einungis regnvatn)
 $fd = 1$
 $NS = (0,63 + 0) \cdot 1 = 0,63$ eda 1.

Ákveðið hefur verið að nota sambyggða sand- og olíuskilju frá Borgarplasti fyrir NS2, þ.e. fyrir innrennsli upp á 2 lítra/sek ($NS = 2$) en slík skilja getur annað yfirbordsflæti upp á $100 \times 2 / 0,63 = 317$ m² þannig að skiljan er mun stærri en krafist er.


Fráveitilagnir á lóð
 Í gegnum lóðina liggur eldri fráveitulögn úr steyptum rörum sem þarf að færa sbr. þessa teikningu. Ný rör, fittings og þéttingar skulu vera úr vottuðu PP ríffluðu plasti í burðarflokki SN 8, framleitt samkvæmt EN 1852-1. Undir lögnunum skal vera burðarhæfur botn og skulu lagnirnar hvíla á 20 cm sandlagi er nái 20 cm upp fyrir lagnirnar. Þar til stofnlögn bæjarfélagsins kemur verður lögnin lögð í sjó fram í samráði við bæjaryfirvöld.

Brunnar
 Brunnar skulu vera úr steyptum brunnhringjum með steyptum botni með formuðum vatnsrásrum og skal ganga frá þeim að ofan með steypujárnslöki er komi í rétta yfirborðshæð.


Niðurföll á lóð
 Niðurföll (niðurfallsbrunnar) í malbiki skulu vera staðlaðir niðurfallsbrunnar Ø250 með 300 mm sandfangi, steypujárnskarmi og steypujárnslöki er komi í rétta malbikshæð.

Nr.	X-hnit	Y-hnit
1	324471.593	513273.758
2	324468.880	513291.102
3	324514.479	513344.624
4	324522.838	513334.380
5	324522.727	513325.397
6	324499.446	513298.257
7	324481.777	513275.351

NIDURSETNING BIRGÐATANKS GRUNNMYND 1:50



M 1:50



ÁRITUN ADALHÖNNUBAR: KT

NR	DAGS.	BREYTING	SAMB.
2	16.11.06	BREYTT VEGNA NÝS LÓÐABLAÐS	
1	27.10.06	KÓTUM BREYTT	



ADALGATA 26 STYKKISHÓLMUR
 BENSINORKAN
 GRUNNMYND LÓÐAR
 FRÁVEITULAGNIR Á LÓÐ
 NIDURSETNING BIRGÐATANKS

MKV	TEIKN/HÖNNUN	DAGS	ÓTG	TEIKN NÖMUR
1:100	HB/GST	17.10.06	113-2-01	
ÁRITUN HÖNNUBAR:	KT	SAMBÞYKKT		
HÖNNUBUR BREYTINGAR	DAGS BREYTINGAR	BREYTING NR		
	16.11.06	2		